DALSKÓLI
HAMINGJAN ER FERÐALAG

Skólaráðsfundur nr. 1.
2. október 2026 kl. 8:30.

Dagskrá

Skipan skólaráðs 2026-2027

fundarskipulag vetrarins

Starfsáætlun lögð fyrir

Önnur mál

Mættir:

Auður Valdimarsdóttir skólastjóri, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir aðst.skólastjóri, Jón Friðbert, Sunneva Hjaltadóttir, Þorgerður Garðarsdóttir og Guðný Riba.

Skipan skólaráðs skólaárið 2026 -2027

Guðný Maja Riba fulltrúi foreldra
Margrét S. Hilmarsdóttir fulltrúi foreldra
Hildur Ingólfsdóttir fulltrúi kennara
Þorgerður Garðarsdóttir fulltrúi kennara
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir fulltrúi stjórnenda
fulltrúi almenns starfsfólks - vantar
Linda Dögg Rúnarsdóttir, fulltrúi grendarsamfélags
Arnaldur Kári fulltrúi nemenda í 10. bekk
Jón Friðbert Magnúsdóttir fulltrúi nemenda 10. bekk
Sunneva Hjaltadóttir fulltrúi nemenda í 9. bekk
Ólafur fulltrúi nemenda í 9. bekk
Auður Valdimarsdóttir skólastjóri

Vantar einn fulltrúa foreldra og einn úr hópi almennra starfsmanna

Fundarskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Tímasetning 8:30-9:15

a. 2. október (Föstudagur)
b. 18. nóvember (Miðvikudagur)
c. 19. janúar (Þriðjudagur)
d. 11. mars (Fimmtudagur)
e. 21. maí (Föstudagur)

Ákvörðun: Tímasetning og dagsetning samþykkt.

Starfsáætlun lögð fyrir

Farið yfir starfsáætlun og skjalið kynnt fyrir skólaráði.

Önnur mál

- Fundir með foreldrum og nemendum voru í upphafi árs og óska stjórnendur eftir samtali um þá. Hvað gekk vel, hvað má betur fara o.s.frv.? *Athugasemd um að tvítaka það sem sagt er á skólasetningu og á kynningarfundum í september. Passa að fara ekki yfir auglýstan tíma. Almenn ánægja með fundina.*

- Símafriður í skólanum. Hvernig finnst okkur það ganga? *Fulltrúi nemenda segja að þetta sé ekki mikil breyting. Hefur lítil áhrif á nemendur í Dalskóla því skólinn var áður nánast símalaus skóli. Vantar fleiri klukkur á veggina inn í kennslustofur og á opnum svæðum. Stjórnendur munu bregðast við því.*
  Afþreying á skólatíma í staðinn. Nemendur koma með hugmynd að skemmtilegum spilum. Spilin verða geymd inni hjá ritara og nemendur skrá á sig spil.

- Á næsta fundi kemur stjórn nemendafélagsins á fund með málefni sem þeim liggur á hjarta. Mikilvægt að þau séu undirbúin. Fulltrúar skólaráðs hvattir til að koma með málefni á fundinn.
- Nýtt fyrirkomulag eink.gjafa í elstu bekkjum rætt.

- Sameiginleg brunaæfing með öllu húsinu nk. miðvikudag. Málið rætt.

- Ósk frá fulltrúum nemenda um að hafa fleiri viðburði í íþróttasalnum á skólatíma. Málið rætt.

Fundi slitið kl. 9:05.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir. ritaði fundargerð